

632. fundur

Mánudaginn 16. október 2017 var haldinn fundur í nefnd skv. 87. gr. búvörulaga nr. 99/1993 í atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu.

Þessir voru mættir:

Ólafur Friðriksson, formaður ANR

Birgitta Kristjánsdóttir, ANR

Benedikt S. Benediktsson, FJR

1. Beiðni um opnun tollkvóta á svínakjöti. Farið var yfir innsendar umsagnir um meinta vöntun á svínakjöti, sbr. 631. fund. Á grundvelli þeirra upplýsinga sem fengist hafa liggur fyrir að skortur er á svínahryggjum með beini, hryggvöðvum og vöðvum úr læri. Afla þarf hins vegar frekari upplýsinga um innflutning, innflutningsverð og innlent heildsöluverð til útreiknings á magntolli.
2. Framhaldsumræða um meinta vöntun á nautakjöti. Samkvæmt þeim svörum sem nefndinni hafa borist er ljóst að ekki er vöntun á nautakjöti í skilningi 65 gr. A búvörulaga nr. 99/1993 eða að slík vöntun sé fyrirsjáanleg á næstu vikum.

Fleira ekki gert og fundi slitið.